



Íslenska gámafélagið ehf.

Er útflutningur sorps raunhæfur möguleiki?



**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**

Er útflutningur sorps raunhæfur möguleiki?



Umhverfisleg áhrif góð eða slæm?



Ástæður þess að draga úr urðun úrgangs eru aðallega þrjár:
Eiturefni, sigvatn og losun gróðurhúsalofttegunda.

Svarið getur verið annað á Íslandi en t.d í Danmörku.

Hvers vegna teljum við brennslu vera umhverfislega hagkvæma?

- Efni er flutt í gámum eða skipum sem hefðu ella farið tóm út, þar sem Íslendingar flytja mun meira inn af vörum en út
- Orkubrennsla á úrgangi í Evrópu er í samkeppni við kolaorkuver og kjarnorkuver. Því mun umhverfislega betri kostur og hættuminni.
- 70 milljón heimili í Evrópu fá hita/rafmagn með orku frá sorpbrennslum.
- Með því að hefja útflutning á sorpi til orkubrennslu er nánast hægt að hætta urðun á Íslandi þó alltaf þurfi að urða eitthvað. Þeir urðunarstaðir sem nú þegar eru til s.s Sölvabakki og Fíflholt gætu þá hæglega sinnt öllu landinu.



Við höfum fengið rökstutt álit sérfræðinga til að fá hlutlausa niðurstöðu

Leitað til sérfræðinga á sviði umhverfismála til að fá þá til að reikna út hvað er hagstæðast að gera út frá umhverfislegum sjónarmiðum.



ReSource International ehf varð fyrir valinu og fengu eftirfarandi verkefni:

- Umhverfislegan samanburð á brennslu og urðun í Evrópu
- Samanburð á urðun á Íslandi og brennslu í Danmörku
- Samanburð á brennslu á Íslandi og brennslu í Danmörku

Niðurstöður

Þegar niðurstöður ReSource International eru skoðaðar þá kemur í ljós að það hefur mjög jákvæð umhverfisleg áhrif að senda óflokkanlegan úrgang frá okkur til brennslu í Danmörku og má áætla að yfirfæra megi niðurstöðuna til annara landa Evrópu.

Auðvitað eru notaðar ákveðnar forsendur þegar farið er í útreikninga af þessu tagi og helstu forsendur eru eftirfarandi:

- Magn úrgangs til brennslu 220 þúsund tonn
- Forsenda að brennsla nýti orkuna
- Úrgangur fari í hátæknibrennslu með hámarksnýtingu orku
- Sjóflutningar teknir inn, ekki landflutningar
- Niðurstöður gefnar í jafngildi þess að taka ákv. fjölda bensínbifreiða af götunum

Niðurstöðurnar eru einfaldlega þær að umhverfislega hefur brennslan, þegar orkan er nýtt úr henni, alltaf vinningin samanborið við urðun.

En athyglisverðast var þó að þegar borin er saman brennsla á úrgangi hér eða í Danmörku þá er niðurstaðan sú að það jafngildir því að taka 81 þúsund bifreiðar af götum Íslands að brenna í Danmörku í stað þess brenna úrgang hér.

Athyglisverð niðurstaða sem leiddi til þess að við gátum farið á næsta stig verkefnisins þ.e.a.s að athuga hvort þetta væri peninganna virði ?



Skýrsluna í heild sinni má nálgast á heimasíðu Íslenska Gámafélagsins, www.gamafelagid.is

- Heildarmagn úrgangs sem fellur frá heimilum og frá fyrirtækjum á Íslandi er talið vera um 530 þúsund tonn
- Af þessum 530 þúsund tonnum er tæplega helmingur urðaður. Með aukinni og hertri löggjöf s.s banni við urðun lífræns úrgangs, mun magn endurunnins úrgangs verða um 65% af heildarúrgangi frá heimilum innan 3ja ára.
- 35% verður því enn urðaður eða um 185 þúsund tonn.
- Víða í Evrópu er búið að banna urðun úrgangs og á öðrum stöðum er búið að leggja á sérstakan urðunarskatt.

Ástand urðunarstaða á Íslandi stefnir í mikla óvissu ef ekki verður brugðist strax við.

- Álfsnes, starfsleyfi til 2022.
- Kalka, þarfnast mikillar endurnýjunar
- Sölvabakki, fullnýtt starfsleyfi, 25 þ t á ári
- Fíflholt, fullnýtt starfsleyfi, 15 þ t á ári.
- Aðrir staðir eru minni og flestir á undanþágum og með takmarkað leyfi.



Á stefnuskrá Umhverfisstofnanna að leggja á sérstakan skatt á allan úrgang sem verður urðaður.

Líklegt gjald á urðun er 15 kr á hvert kg.

Þegar þetta verður að veruleika þá mun urðun ekki lengur verða ódýrast kosturinn fyrir fyrirtæki og sveitafélög, sem munu í kjölfarið leggja enn meiri áherslu á flokkun en þeir hafa gert til þessa.

Verð á urðunarstaðum í dag

Álfsnes, 24 kr

Kalka, 32 kr

Sölvabakki, 12 kr

Fiflholt, 10 kr

Aðrir staðir minni frá 8 kr

Mikill flutningskostnaður

Við urðunarkostnað bætist síðan flutningur á urðunarstað og er hann mjög misjafn eftir því hvar á landinu úrgangur fellur til

Kostnaður við Urðun eftir breytingar.

Höfuðborgarsvæði 45 kr

Suðurnes 47 kr

Suðurland 55 kr

Norðurland 55 kr

Austurland 45 kr

Er þetta hægt í EXCEL ?

Heildarkostnaður við útflutt efni til brennslu samanstendur af eftirfarandi þáttum

- Tækjakaup, böggunarlína
- Vinna við böggun
- Flutningskostnaður til brennslu
- Hliðgjald brennslu
- Hugsanlegur flutningur og vinna við efni erlendis.

Samtalan af þessu, miðað við að flytja út 30 þúsund tonn á ári, reyndist vera 32 kr á kg án vsk eða tæpar 40 kr með vsk sem er vel samkeppnishæft verð sérstaklega eftir að urðunarskattur verður settur.

Framkvæmd möguleg?

Umhverfislegur ávinningur og fjárhagsleg hagkvæmni var til staðar og því ekkert til fyrirstöðu en að athuga hvort þetta væri gerlegt.

5 spor til framkvæmda

1. Tryggja magn til útflutnings
2. Fá leyfi til inn- og útflutnings
3. Samningar við erlendar brennslur
4. Samningar um flutninga
5. Tækjabúnaður fyrir framleiðslulínu.



Sporin 5

Síðari hluta árs 2018 var hafist handa við að koma framkvæmdinni af stað og sporin 5 tekin hvert af öðru. Þó ýmis ljón væru í veginum gekk dæmið upp og fyrstu gámarnir fóru úr landi í júní 2019.

Til prufu voru sendir 4 gámar í viku eða ríflega 100 tonn.


Í dag er verið að senda út **14 gáma á viku** til þriggja brennslna í Álaborg, Osló og Rotterdam eða um 1600 tonn á mánuði, samtals **19 þúsund tonn á ári**.

Samningar við brennslu eru yfirleitt til a.m.k 3ja ára.



Ný framleiðslulína ÍGF.

Öryggi þjónustunnar



Fortöluraddirnar sögðu þetta er alltof ótryggt ástand sem við komum til með að búa við, verðum að vera sjálfbær ef erlendu aðilarnir segja samningum upp og í verstu tilfellum ef landið lokast o.s.frv.

Reynslan sýnir annað samningar sem brennslur vilja gera eru yfirleitt lengri en við viljum gera frá þremur og upp í sjö ár og þó fátt jákvætt megi segja um Covid 19 þá er þetta ástand að því leiti ágætt að nú reynir á öryggið.

Flest fyrirtæki og stofnanir í Evrópu eru lokaðar og erfitt að koma vöru eins og pappír, pappa, plasti og jarni til endurvinnslu en þá kemur í ljós mikilvægi þessa úrgangsflokks fyrir sveitafélögin erlendis sem treysta á ruslið frá okkur til að framaleiða rafmagn og hita fyrir íbúa sína.

Ruslið okkar hefur nú forgang í flutningum erlendis líkt og um vörur til lækninga væri að ræða.



HÆTTUM AÐ URÐA

FINNUM LAUSNIR